

1863.

10. marzm.

undir úrskurð stjórnarráðsins, stungið upp á, að ráðið verði úr þessu á þann hátt, að lögregluþjónunum í Reykjavík, sem nú eru þrír, verði fækkað um einn, svo að þeir verði tveir eins og þeir áður voru, og að þriði þjónninn sé eptir látinn sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósar sýslu, og skuli eins og að undanfögnu greidd úr jafnaðarsjóði amtsins launin handa þessum þjóni, sem ekki hafi verið skipaður fyrri en nú á síðustu árum, af því menn þá hafi búið við, að verzlunarfrelsið mundi gjöra nauðsynlegt að auka lögreglustjórna í Reykjavík, en sú raun hafi ekki enn á orðið.

Út af þessu skal yður kunngjört, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Clausen sýslumanni, að eins og launin handa lögregluþjóni í Hafnarfirði hvorki verða greidd úr dómsmálasjóðnum né úr ríkissjóðnum, þannig virðist dómsmálastjórnninni eigi heldur við eiga, að þau sé greidd úr jafnaðarsjóði suðurumdæmisins, jafnvel þó sjóður þessi um leið yrði laus við að greiða jafnmikið fé fyrir það, að tekið yrði af þriðja lögregluþjónsembættið í Reykjavík, og ber þess að geta, að óregla sú, sem sýslumaðurinn nefnir, og fyrir þá sök óskar að fá lögregluþjón, ekki stendur í sambandi við verzlunarfrelsið, svo sem sjá má af bréfi hans, og eiga því sér hér ekki stað ástæður þær, sem opið bréf 24. nóv. 1856 er byggt á, og lagaboð þetta veitir þess vegna enga heimild til að leggja gjald þetta á jafnaðarsjóðinn. Þar á móti verður stjórnarráðið að benda yður á, herra stiptamtmaður, að íhuga, hvort ekki megi gjöra ráðstafanir til þess, að gjöld þau, sem hér er um rætt, sé greidd úr hlutaðeiganda sveitarsjóði.

25. Bréf dómsmálastjórnarinnar til sjóliðsstjórnarinnar, 16. marzm.
 um herskipsferð til Íslands og erindisbréf skipstjóra
 m. m.

Í bréfi dagsettu 7. þ. m. hefir sjóliðsstjórnin skýrt frá, að „St. Thomas“, sem er briggskip, og Albeck, „kapitainlieutenant“, ræður fyrir, eigi að fara á stað hëðan til Íslands einhvern dag-

1863.
16. marzm.

inn frá 20. til 25. þ. m. til þess að vera þar fyrst um sinn fiskiveiðamönnum vorum til verndar og til að halda á reglu meðal útlendra fiskiskipa; getur sjóliðsstjórnin þess, að fyrirhugað sé að setja skipstjóranum öldungis sömu reglur um, hvernig hann eigi að haga sér, og settar voru þá er briggskipið „Örnen“ var sent til Íslands árið 1859¹⁾, en spyr dómsmálastjórnina um, hvort hún óski nokkurra breytinga í því efni.

¹⁾ Reglur þær, sem hér er til vitnað, eru í bréfi sjóliðsstjórnarinnar, dags. 30. aprílm. 1859, til foringjans á skipinu „Örnen“, og er það bréf þannig hljóðandi:

„Briggskipinu „Örnen“ er ætlað að fara þetta árið til Íslands, og er aðaltilgangurinn sá með ferð þess, að það verndi fiskiveiðar Íslendinga, og hafi gát á, að útlend fiskiskip brjóti eigi lög þau, er gilda um fiskiveiðarnar við Ísland.

Töluverður fjöldi útlendra fiskiskipa, einkum frakkneskra, hefir nú á síðari árum sótt fiskimiðin við Ísland og veitt þar fisk fast uppundir ströndum landsins, til tjóns fyrir fiskiveiðar landsbúa, og eru þó fiskiveiðarnar helzti atvinnuvegur þeirra. Til að koma í veg fyrir slík lagabrot, hefir verið skorað á hlutaðeigandi stjórnendur í útlöndum að hlutast svo til, að skipum þeim, sem fara til fiskiveiða við Ísland verði bannað að stunda fiskiveiðar nær ströndum landsins en heimilað er í gildandi lögum. En ekki verður við því búizt, að slík yfirlýsing mun hafa mikið upp á sig nema því að eins, að hún eigi að styðjast við ráðstafanir frá Danmerkur hálfu til að ná tilganginum, og þess vegna hefir verið af ráðið að senda til Íslands briggskip það, sem þér, herra kapítainlieutenant, eigið fyrir að ráða.

Eldri ákvarðanirnar um fiskiveiðarnar við Ísland banna útlendingum að veiða skemmra undan landi en 4 mílur, en þaræð það er samkvæmara almennum hugmyndum um yfirráðin yfir sjónum, að takmörkin sé látin vera eina vanalega sjávarmílu frá yztu ey eður hólma, sem eigi er yfirflotinn af sjó, þá skuluð þér, herra kapítainlieutenant, láta yður nægja með að heimta, að eigi sé farið yfir þessi takmörk, en af þessu leiðir, að vitaskuld er, að útlendum fiskiskipum ekki er leyfislegt að fara inn á firði og flóa við landið til fiskiveiða.

Í samhljóðan við þetta hafa og stjórnendurnir í útlendum ríkjum verið beðnir um að birta fiskiveiðamönnum það, sem þörf er á um þetta efni, og hefir einnig verið skorað á þá að láta fiskiveiðamönnum verða kunnugt, að ef þeir fari inn fyrir takmark það, sem fyr er getið, megi þeir búast við, að með þá verði farið eptir nú gildandi tilskipunum, einkum tilskipun 13. dag júnímán 1787.

Þannig eigið þér, herra kapítainlieutenant, af fremsta megni að

1863.

16. mörzm.

Þessu leyfir dómsmálastjórnin sèr að svara á þá leið, að ekki virðist vera ástæða til að breyta neinu í reglum þeim, er nú voru nefndar; þó skal þess getið, að samkvæmt því, sem hinu heiðraða stjórnarráði fórust orð í bræfum sínum frá 14.

styrkja yfirvöldin á Íslandi í því, að halda við reglu meðal útlendra fiskiskipa og sjálfir hafa gát á, að þau eigi fari innfyrr takmark það, sem áður er um rætt. Þegar útlend herskip eru viðstödd, sem eiga að vernda skip frá þeirra löndum, þá ber yður að tala yður saman við skipsforingjana á þeim herskipum.

Fyrir afbrot móti banninu um fiskiveiðar útlendinga ákveður tilskipun 13. dag júnímán. 1787 að leggja skuli hald á skip og gjöra það upptækt, en ekki ber að heita ákvörðun þessari eins stranglega og orðin hljóða. Þér skuluð fyrst í stað láta yður nægja með að bægja burt hinum útlendu fiskiskipum, þegar þér hittið þau á því sviði, þarsem þeim, eptir því sem að ofan er sagt, er bannað að veiða, en leggja ekki hald á þau fyrri en sama skipið, eptir að því hefir verið bægt burt, brýtur bannið af nýju; síðan skuluð þér ráðgast um málið við stiptamtanninn yfir Íslandi eður hlutaðeigandi amtmann, áður en ákveðið sé fyrir fullt og fast, að farið skuli með skipið eptir boðum laganna. Ef nokkurt útlent skip sýnir óhlýðni gegn fyrirskipunum yðar, eður sýnir beinlinis móðþróa fyrir innan það takmark, sem eptir áður sögðu er álitid að umráðin yfir sjónum nái að, svo ber einnig að leggja hald á það, og eigið þér síðan að ráðgast um við stiptamtanninn yfir Íslandi eður hlutaðeigandi amtmann, hvað frekara skuli gjöra.

Það þér eigið að verða samtaka yfirvöldunum á Íslandi til þess náðst geti sá tilgangur, sem ferð brigggskipsins þangað hefir fyrir mark og mið, þá ber yður að leggjast á eitt í þessu efni með stiptamtanninum, og, einnig að því leyti færi gefst til þess, með hinum amtmönnunum. Um það, hverjar ráðstafanir gjöra skuli, á hverja staði þér komið og svo frv., þá skuluð þér einkum fara að ráðum stiptamtannsins, en þó hefir hann eigi embættisvald yfir yður.

Eptir því, sem dómsmálastjórnin hefir frá skýrt, er eptirlitið með fiskiveiðunum mest áriðandi fyrir vesturumdæmið á Íslandi; þér skuluð því fyrst fara á brigggskipinu þangað, en koma við í Reykjavík á leiðinni, til að taka ráð yðar saman við stiptamtanninn.

Það útlend skip við Grænlands strendur einnig hafa brotið móti ákvörðunum þeim, sem gilda um viðskipti manna við það land, þykir mjög ákjósanlegt að láta sjá hið danska herskipaflagg við Grænland norðurundir Disco, og óskar stjórnarráðið því, að brigggskipið „Örnen” fari norður í Davíðssund í þessum tilgangi. En eins og áður er sagt er aðaltilgangurinn að vernda fiskiveiðar Íslendinga, og ber því aðeins

1863.
16. marzm.

febrúarm.¹ og 31. marzm. 1860², var alþingi í konunglegri auglýsing 1. júním. 1861 tilkynnt, að annazt mundi verða um, að þegar þess verður æskt verði á dönskum herskipum, sem send verða til Íslands í áðurgreindum tilgangi, veitt viðtaka hæfilega mörgum Íslendingum til að læra sjómennsku, og biður því dómsmálastjórnin hina heiðruðu sjóliðsstjórn að segja skipstjóranum á St. Thomas svo fyrir um þetta, sem þörf er á; gjörir dómsmálastjórnin ráð fyrir, að þetta fáið með þeim kost-

að fara norður í Davíðssund svo framarlega sem það verður gjört að skaðlausu fyrir aðaltilganginn; en á ferðinni þar norðureptir mundi skipið þurfa að vera 4—6 vikur sjærverandi frá Íslandi; skuluð þér, herra kapitainlieutenant, bera yðar saman um þetta við stiptamtmanninn yfir Íslandi, áður en þér afráðið fyrir fullt og fast, hvort þér farið norður í Davíðssund.

Stjórnarráðið heldur, að hægast muni að koma við ferðinni til Grænlands, ef þér farið á stað frá Íslandi í síðari hluta júnímánaðar, og ættuð þér þá að hverfa aptur til Íslands frá Grænlandi; en yður skal falið á hendur að afráða, hvað þér gjörði í þessu efni, þegar þér eruð búnir að ráðgast um það við stiptamtmanninn yfir Íslandi. Annars er það vitaskuld, að þér á bezta hátt aðstoðið yfirvöldin á Íslandi og Grænlandi, ávallt þegar þörf þykir á liðveizlu yðar.”

1) Í þessu bréfi segir svo: . . . „Stjórnarráðið vill mjög fúslega styrkja til þess, að Íslendingum verði kennd sjómennska, og virðist að nokkru leyti mega ná þessum tilgangi með kostnaðarlitlu móti, ef hæfilega mörgum Íslendingum væri leyft að vera á herskipunum, þegar þau verða aptur send til Íslands”. . . .

2) Í þessu bréfi segir svo: . . . „Um það að Íslendingum verði kennd sjómennska, þá er ekkert því til fyrirstöðu, að hæfilega margir Íslendingar verði teknir á herskip það, sem sjóforingjaefnin eru á, þegar það nú í vor kemur til Íslands, og að þeir fari aptur tilbaka með skipinu, ef hin heiðraða dómsmálastjórn æskir þess, að það enn á ný í haust komi við á Íslandi, en að öðrum kosti mætti senda þá með einhverri annari ferð. Kostnaðurinn við þetta getur ekki orðið mikill, en þaræð upphæð sjár þess, sem ætlað er til útbúnings skipsins, er öldungis fast ákveðin, verður þó að binda þetta þeim skilmála, að sjóliðsstjórnin fái kostnaðinn endurgoldinn. Ef dómsmálastjórnin skyldi fallast á þetta, vonast sjóliðsstjórnin eptir að fá vísbending þar um, og getur þess, að gjöra má ráð fyrir, að borgunin fyrir hvern Íslending, sem á skipinu yrdi, muni verða 14 rd. 24 sk. um mánuðinn, þegar þeir ætti að fá kaup sem vanir sjómenn”. . . .

um, sem um er rætt í síðast nefndu bréfi á þann hátt, að dóms-
málastjórnin hlutist til um, að kostnaðurinn, hér um bil 14 rd. 1863.
16. marzm.
24 sk. á mánuði fyrir hvern mann, verði aptur endurgoldinn
sjóliðsstjórninni.

Að síðustu skal við bætt, að stiptamtmaninum og amt-
mönnum á Íslandi hefir í dag verið boðið að veita Albeck,
kapitainlieutenant, alla þá aðstoð, sem þeir geta í tæ látið,
meðan hann er við Ísland.

26. Opið bréf, um spítalahlutina á Vestmannaeyjum. 24. marzm.

Dómsmálastjórnin hefir allraþegnsamlegast borið undir kon-
ung álitsskjal alþingis þess, er haldið var árið 1861, um spítala-
hlutina í Vestmannaeyjum í suðurumdæminu á Íslandi, og
hefir hans hátign þóknast 13. dag þ. m. allramildilegast að
ákvarða, að spítalahlutirnir á eyjum þessum, bæði af fugli og
fiski, skuli frá 1. degi janúarmánaðar 1865 renna inn í sjóð
þann, er stofnaður var með konungsúrskurði 12. ágústmánaðar
1848 til umbóta á læknaSKIPUNinni á Íslandi, en að hinsvegar
skuli frá sama tíma fyrst um sinn 30 rd. á ári greiddir úr sjóði
þessum til launa handa yfirsetukonu á Vestmannaeyjum.

Þetta birtist öllum, sem hlut eiga að máli, til eptirbreytni.

Í dómsmálastjórninni, 24. dag marzmánaðar 1863.

Árið 1857 kom frá alþingi uppástunga um, að ákvörðun
sú í konungsbréfi 20. d. febrúarm. 1750, að Vestmannaey-
ingar megi einir njóta spítalahluta þeirra, er þar falla af fiski
og fugli, handa fátækum þar á eyjunum, sè úr lögum tekin,
en hlutir þessir gjaldist í hinn almenna læknaSJÓÐ, er stofnaður
er með konungsúrskurði 12. d. ágústm. 1848. Um uppástungu
þessa var leitað álits hlutadeigandi embættismanna á Íslandi og
álit þeirra síðan kunngjört alþingi 1861, samkvæmt konungs-
úrskurði 1. d. júním. s. á., og skorað á þingið að segja álit
sitt um málið.

Í álitsskjali alþingis, dagsettu 3. ágústm. 1861, er stungið
uppá: „að hospítalshlutirnir á Vestmannaeyjum, bæði af fiski